

## REGLUGERÐ um sameiningu heilbrigðisstofnana.

### 1. gr.

Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir og tekur sameiningin gildi 1. október 2014:

- a. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnun Vestfjarða* sameinast eftirtaldar stofnanir:  
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.  
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.
- b. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnun Norðurlands* sameinast eftirtaldar stofnanir:  
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.  
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.  
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð.  
Heilsugæslustöðin Dalvík.  
Heilsugæslustöðin á Akureyri.  
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.
- c. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnun Suðurlands* sameinast eftirtaldar stofnanir:  
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.  
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 9. júlí 2014.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Sveinn Magnússon.*